



Borgarráð

BORGARRÁÐ 14. nóvember 2019: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um málefni Skerjafjarðar í kosningu um Hverfið mitt - R19110128

Þann 14. nóvember var svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins vísað til umsagnar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

1. Hvers vegna er spurning um málefni Skerjafjarðar, lýsing við göngustíg, í flokknum Vesturbær, í kosningunni um mitt hverfi? 2. Hvers vegna er spurt um lýsingu við Ægisiðu þegar í raun er verið að tala um Skildinganes, samkvæmt mynd og lýsingu með spurningunni? 3. Hvers vegna er stöðugt verið að spyrja um þetta mál þegar bæði íbúar Vesturbæjar og Skerjafjarðar hafa hafnað henni ítrekað í sömu könnunum? 4. Er vitað hvert kolefnisfótspor er af lýsingu sem þessari?

Svar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu:

Hugmyndahöfundar velja sjálfir í hvaða hverfi þeir setja hugmyndir sínar í verkefninu Hverfið mitt. Þegar farið er yfir hugmyndirnar og þeim stillt upp á kosningavefinn er gengið úr skugga um að þær séu skráðar í réttu hverfi eins og verkefnisstjóri skilur hugmyndina og eftir vandlega yfirlegu. Öllum er frjálst að senda inn allar þær hugmyndir sem þeim dettur í hug. Ef hugmyndin er metin tæk af verkefnastjórum, þ.e. uppfyllir skilyrði verkefnisins, og ef hún er valin áfram af þeim sem þær ákvarðanir taka þá verður kosið um hugmyndina. Árið 2019 voru hugmyndir á kjörseðil valdar á opnum húsum í öllum hverfum. Þær hugmyndir sem eru svo kosnar til framkvæmda fara í framhaldinu í hönnunar- og framkvæmdaferli. Ekki hafa farið fram útreikningar á kolefnisfótsporum hugmynda sem kjörnar eru til framkvæmda í verkefninu Hverfið mitt.

Virðingarfyllt

Anna Kristinsdóttir
mannréttindastjóri Reykjavíkurborgar

